

Ár 2006 10. maí kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar á Reykhólum. Mætt Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson og Áslaug Guttormsdóttir. Hjúkrunarforstjóri Barmahlíðar Þuríður Stefánsdóttir sat einnig fundinn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar. Rætt var m.a. um gerð rýmingaráætlunar vegna eldhættu en sú vinna er langt komin. Þuríður ræddi um að næsta vika yrði eldvarnavika í Barmahlíð.
Starfsmannamál væru í þokkalegu lagi á komandi sumri.
- 2) Rætt var um fjölda vistrýma í Barmahlíð. Fulltrúar Reykhólahrepps höfðu gengið á fund heilbrigðisráðherra 8. maí og var greint frá þeim viðræðum á fundinum.
- 3) Rætt um endurbætur á aðstöðu vistmanna, hugsanlegar breytingar á reykingarými, hugmyndir um gróðurhúss-viðbyggingu við Barmahlíð o.s.frv.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)
Þuríður Stefánsdóttir (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)